



Reykjavík, 3. júní 2015

## **GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR ELDISSTÖÐINA ÍSPÓR EHF., ÞORLÁKSHÖFN**

---

### **INNGANGUR**

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir eldisstöðina Íspór ehf., Þorlákshöfn á tímabilinu 20. janúar til 18. mars 2015. Auk opinberrar auglýsingar á tillögunni var hún sérstaklega send til umsagnar umsækjanda, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Skipulagsstofnunar.

### **ATHUGASEMDIR UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ UMHVERFISSTOFNUNAR**

Skipulagsstofnun gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerði eina athugasemd við starfsleyfistillöguna. Varðar það orðalag gr. 2.4 í starfsleyfinu, en ekki kemur nægilega skýrt fram hvaða kröfur eru gerðar varðandi fráveituna. Hefur fyrstu setningu gr. 2.4 því verið breytt þannig að vísað er í 7. mgr. 9. gr. reglugerðar 798/1999.

Orkustofnun gerir athugasemd um að ekki sé til staðar nýtingaleyfi á vatni skv. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlingum í jörðu nr. 57/1998, auðlindalaga en það þurfi að liggja fyrir sem forsenda starfsleyfisins. Rekstraraðila var leiðbeint um að sækja um nýtingaleyfi til Orkustofnunar og var það gefið út þann 26. maí sl.

Umsækjandi gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.